

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 6. október 2014
Tilvísun: UST20140900170/mik

Vegna framkvæmda við Pokahrygg á Reykjadalaleið, innan Friðlands að Fjallabaki.

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Engilberts Olgeirssonar formanns samgöngu- og fjarskiptanefndar Rangárþings ytra, dags. 29. september 2014, vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Pokahrygg á Reykjadalaleið, innan Friðlands að Fjallabaki.

Lýsing framkvæmdar:

Ráðgert er að fara með jarðýtu á vörubíl að Pokahrygg og nýta vélinu þar til lagfæringa á úrrennsli og að taka vatnsrás frá vegi til fyrirbyggingar á frekari skemmdir á vegslóðanum. Vinna þarf á jarðýtunni í vegakantinum, á gróðursnaudu svæði í umræddri brekku. Leitast verður við að vinna verkið á þann hátt að rask eftir ýtuna verði ekki merkjanlegt að vori.

Áhrifamat:

Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan Friðlands að Fjallabaki er háð leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 5. gr. auglýsingar um friðlandið, nr. 354/1979.

Umhverfisstofnun telur framkvæmdina vera til bóta fyrir hið friðlýsta svæði; fela í sér viðhald á þeim mannvirkjum sem þar eru og stuðla að betri og öruggari umgengi um svæðið.

Áhersla er lögð á að gætt verði ítrustu varkárni þegar farið verður með vinnuvélina út fyrir vegslóðann á framkvæmdarstað. Umhverfisstofnun felst á það sjónarmið umsækjanda að ummerki ættu að verða lítil sem engin eftir veturinn, og því ekki hafa í för með sér neikvæð umhverfisáhrif.

Skilyrði


Umhverfisstofnun metur í hvert sinn hvort framkvæmdir kalla á að veitt sé sérstakt leyfi á friðlýstum svæðum. Er þá metið hvort þær kalla á breytingu svæðis af einhverju tagi, jarðrask, truflun á dýralífi eða mannvirkjagerð, sbr. og friðlýsingarskilmála viðkomandi svæðis.

Framkvæmdin skv. framangreindri umsókn er ekki talin fela í sér slíkt rask, og er hún því ekki háð leyfi Umhverfisstofnunar umfram það sem veitt var á árinu 2013 vegna framkvæmda á staðnum.


Stofnunin minnir þó á eftirfarandi:

- Hafa skal samband og samráð við svæðalandvörð Umhverfisstofnunar á Suðurlandi, Ingibjörgu Eiríksdóttur, s. 822-4034, netf. ingibjorg@ust.is. Vinna við framkvæmdina skal fara fram í samráði við hana, og mun hún, f.h. stofnunarinnar, hafa eftirlit með verkinu.
- Öllu raski við framkvæmdina verði haldið í algeru lágmarki, með virðingu fyrir náttúrunni í fyrirrúmi.
- Frágangi öllum verði þannig háttað að sem minnst beri á framkvæmdinni.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar um frávik, ef einhver verða, frá ofangreindri verklýsingu.

Virðingarfyllst



Ingibjörg Eiríksdóttir
Sérfræðingur



Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Sérfræðingur

